

## **Orðanefnd læknafélaganna**

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 26. janúar 2017 kl. 10:00, en þetta var 49. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar (15. desember 2016) var samþykkt.

### **2. Orðabókarvinnan**

Unnið var með lista sem inniheldur „system“, „stasis“ og nokkur skyld heiti (samtals 54 færslur).

Nefndarmenn höfðu farið yfir listana fyrir fundinn og merkt við þau orð sem ræða þyrfti. Nokkrar breytingar og viðbætur voru gerðar.

JHJ mun ganga frá hugtökunum í Orðabankanum og ÁP annast birtingu þeirra.

### **3. Samkvæmt beiðni MJ voru tekin til umræðu lyfjafræðihugtökin „potency“ og „efficacy“.**

Lagður var fram listi úr Íðorðasafni lækna sem inniheldur „potency“ og skyld almenn heiti (samtals 13 færslur), en umræðum um öll þessi hugtök verður haldið áfram síðar.

### **4. Næsti fundur**

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 23. febrúar 2017. Ákveðið var að breyta fundartíma úr 10:00 í 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 11:10.